

## ÁKVÖRDUN nr. H3

2013/EES/20/41

frá 15. október 2009

um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (\*)

(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)

(2010/C 106/19)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNA-TRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa<sup>(1)</sup>, en samkvæmt honum skal það fjalla um álitæfni er lúta að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa<sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af 90. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 um umreikning gjaldmiðils,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mörg ákvæði, t.d. í 5. gr. (a-lið), 21. gr. (1. mgr.), 29. gr., 34. gr., 52. gr., 62. gr. (3. mgr.), 65. gr. (6. og 7. mgr.), 68. gr. (2. mgr.) og 84. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 25. gr. (4. og 5. mgr.), 26. gr. (7. mgr.), 54. gr. (2. mgr.), 70. gr., 72. gr., 73. gr., 78. gr. og 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 varða tilvik þar sem ákvarða þarf gengi vegna greiðslu, útreiknings eða endurútreiknings bóta eða iðgjalds, endurgreiðslu eða vegna skuldajöfnunar eða endurheimtar.

2) Með 90. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 er framkvæmdaráði veitt umboð til þess að ákveða hvaða dag miða skal við þegar ákvarðað er það gengi sem nota skal við útreikning tiltekinna bóta og iðgjalda.

Ákvörðunin er tekin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Að því er þessa ákvörðun varðar er umreikningsgengið það dagsgengi sem Seðlabanki Evrópu birtir.

2. Ef annað er ekki tekið fram í þessari ákvörðun skal umreikningsgengi vera það gengi sem birt er daginn sem stofnunin framkvæmir aðgerð.

3. Stofnun í aðildarríki, sem þarf að umreikna fjárhæð til gjaldmiðils annars aðildarríkis vegna ávinnslu bótaréttar og vegna fyrsta útreiknings á bótum, skal nota:

a) þegar stofnun tekur samkvæmt landslöggjöf tillit til fjárhæða, t.d. af tekjum eða bótum, á tilteknu tímabili fyrir þann dag þegar bæturnar eru reiknaðar út, það umreikningsgengi sem var birt á síðasta degi þess tímabils,

b) þegar stofnun tekur samkvæmt landslöggjöf tillit til einnar fjárhæðar við útreikning á bótum, það umreikningsgengi sem var birt fyrsta dag næsta mánaðar fyrir þann mánuð þegar beita ber ákvæðinu.

4. Að breyttu breytanda skal beita 3. mgr. þegar stofnun í aðildarríki þarf að umreikna fjárhæð til gjaldmiðils annars aðildarríkis vegna endurútreiknings á bótum sökum breytinga, að lögum eða í reynd, á högum viðkomandi einstaklings.

5. Þegar stofnun greiðir bætur, sem eru reglulega endur-reiknaðar út frá vísitölu í samræmi við landslöggjöf, og þegar fjárhæðir í öðrum gjaldmiðlum hafa áhrif á þær bætur skal hún við endurútreikning nota það umreikningsgengi sem við á fyrsta dag næsta mánaðar á undan þeim mánuði þegar endurreiknað er út frá vísitölu, nema kveðið sé á um annað í landslöggjöf.

6. Að því er varðar ferli vegna skuldajöfnunar og endurheimtar skal viðeigandi gengi til umreiknings á þeirri fjárhæð, sem á að draga frá eða greiða, vera gengi þess dags þegar beiðnin var fyrst send.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 21.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

7. Dagsetningin, sem taka skal tillit til við ákvörðun umreikningsgengis, skal, að því er varðar 6. og 7. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009, vera fyrsti dagur þess almanaks-mánaðar þegar endurgreiðslutímabili lauk, þegar borin er saman fjárhæðin sem stofnun á búsetustað greiðir út í raun og hámarksfjárhæð endurgreiðslunnar sem um getur í þriðja málslið 6. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (fjárhæð þeirra bóta sem hlutaðeigandi einstaklingur myndi eiga rétt á samkvæmt löggjöf aðildarríkisins sem hann heyrði síðast undir ef hann er skráður hjá vinnumiðlun í því aðildarríki).
8. Ákvörðun þessa skal endurskoða ári eftir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009.
9. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

*Formaður framkvæmdaráðsins,*

Lena MALMBERG

---